Skóla-akur

Vefrit um skólamál 7. tbl. 8. árg. 10. apríl 2014

Myndir augnabliksins eru frá leikskólanum Iðavelli og sýna vísindaleik með ljós, skugga og liti.

Úrslit í Stóru upplestrarkeppninni 2014.

Stóra upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 7. bekk og eru undankeppnir í hverjum skóla þar sem fulltrúar skólans eru valdir. Þeir fulltrúar taka þátt í lokahátíðinni. *Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn* standa fyrir þessari keppni ásamt skóladeild.
Lokahátíðin fór fram í Kvosinni, Sal Menntaskólans á Akureyri. Í ár mættu til leiks 14 nemendur sem komu frá sjö grunnskólum á Akureyri. Eins og við var að búast stóðu allir þátttakendur sig með mikilli prýði og fullur salur gesta truflaði ekki einbeitingu og yfirvegun nemenda. Dómarar á lokahátíðinni voru Ingibjörg Einarsdóttir formaður Radda, Hólmkell Hreinsson amtbsbóka-vörður, Ragnheiður Skúladóttir leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar og Valdimar Gunnarsson fyrrverandi kennari við Menntaskólann á Akureyri. Dómnefndin átti ekki auðvelt verk fyrir höndum að velja úr þessum frábæra hópi en komst að lokum að niðurstöðu.

Sigurvegarar þetta árið voru Ingunn Erla Sigurðardóttir nemandi í Oddeyrarskóla sem varð í þriðja sæti, Bjarney Guðrún Jónsdóttir nemandi í Naustaskóla var í öðru sæti og sigurvegarinn árið 2014 er Hafsteinn Davíðsson nemandi í Brekkuskóla.
Strengjasveit 2 úr Tónlistarskólanum á Akureyri lék Choral eftir Haydn undir stjórn Eydísar Úlfarsdóttur. Þá léku nemendur skólans einnig á píanó, horn og þverflautu.
Styrktaraðilar keppninnar voru Mjólkursamsalan, Kexsmiðjan og Blómabúð Akureyrar og þá veitti Íslandsbanki vegleg peningaverðlaun.

Hulduheimar Kot

Börnin í skólahóp hafa undanfarið verið að vinna með hugrekki, bókstafi og hljóð. Á myndunum má sjá þau æfa sig í hugrekki og vinna með stafi.

Gleðilega páska

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Innritun í Tónlistarskólann er hafin.
Núverandi nemendur sem hyggja á áframhaldandi nám við Tónlistarskólann á Akureyri þurfa að endurnýja umsókn fyrir skólaárið 2014-2015. Nemendur á biðlista þurfa einnig að endurnýja umsókn sína.
Eingöngu verður tekið við rafrænum umsóknum á tonak.is. Endurnýja þarf skólavist fyrir **1. maí 2014**. Vinsamlegast látið einnig vita ef þið hyggið ekki á áframhaldandi nám.

Sjá nánar: http://www.tonak.is/is/skolinn/frettir/innritun-er-hafin

Námstefna um Byrjendalæsi.

Miðstöð skólaþróunar stendur fyrir námstefnu um Byrjendalæsi annað hvert ár. Haustið 2014 verður námstefnan haldin þann 12. september og í kjölfarið verður haldin ráðstefna um læsi þann 13. september. Tímasetning nám- og ráðstefnu er ávallt valin sem næst *Degi læsis* sem er þann 8. september ár hvert. Námstefnan þetta árið er sú þriðja í röðinni og voru báðar hinar fyrri vel sóttar og almenn ánægja allra sem að komu.

Undirbúningur fyrir námstefnuna er að hefjast og gott væri að fá ábendingar um efni og ekki síður tilboð frá kennurum um að koma með erindi, kynningu eða efni til að sýna á veggjum. Vinsamlega sendið ábendingar um efni til Birnu Svanbjörnsdóttur forstöðumanns miðstöðvar skólaþróunar. Námstefnan er opin öllum þeim sem áhuga hafa á málefninu og hægt verður að skrá sig innan tíðar.

Páskavefur Námsgagnastofnunar.

Á vefnum má lesa um páskahátíðina, uppruna páskaeggsins, lærisveinana, passíusálmana og margt fleira. Tvö ný verkefni hafa bæst við vefinn. Annars vegar er ratleikur ætlaður nemendum í 3.– 5. bekk útfærður af Hildi Karen Aðalsteinsdóttur og Ingibjörgu Hörpu Ólafsdóttur, hins vegar er það dagblaðaverkefni eftir Hörpu Jónsdóttur þar sem nemendur á mið- og unglingastigi geta skoðað hvað auglýst hefur verið í íslenskum dagblöðum í dymbilviku í heila öld.
Þá hefur gagnvirka málsháttaverkefnið verið endurbætt og fleiri málsháttum ásamt útskýringum bætt við.

Sjá nánar: http://vefir.nams.is/dagsins/paskavefur/

Skemmtilegt er myrkrið.

Í vikunni frumsýndi Leikfélag Akureyrar leikritið Skemmtilegt er myrkrið á leikskólanum Krógaból. Þetta er glænýtt leikverk eftir leikhóp LA og verður flutt fyrir elstu bekki leikskóla á Eyjafjarðarsvæðinu í apríl. Verkefnið er í boði Norðurorku og Leikfélagsins og er skólunum að kostnaðarlausu.

Útivistardagar Grunnskóla Akureyrarbæjar.

Undanfarnar vikur hafa grunnskólarnir á Akureyri farið í Hlíðarfjall og notið útiverunnar í fjallinu.

Hér má sjá myndir frá Síðu- og Hríseyjarskóla sem fengu mjög gott veður á útivistardaginn.

Næsti Skóla-akur kemur út föstudaginn 25. apríl